

FUNDARBOÐ

1866. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 17. mars 2021 og hefst kl. 14:00

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2001526 - Reykjanesbraut, tvöföldun, aðalskipulagsbreyting

1.liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 9.mars sl.
Þann 7. febrúar 2020 staðfesti bæjarstjórn samhljóða afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs frá 28 jan. 2020 um aðalskipulagsbreytingu í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar. Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 11. ágúst 2020 var framkomnum umsögnum og athugasemdum vísað til vinnu við aðalskipulagsbreytinguna vegna tvöföldunarinnar Lögð fram tillaga að breyttu aðalskipulagi vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða tillögu að breyttu aðalskipulagi vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar og að málsmeðferð verði í samræmi við 30 mgr. skipulagslaga. Jafnframt er tillögunni vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

2. 2103116 - Hraun vestur, aðalskipulag breyting

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 9.mars sl.
Tekin til umræðu endurskoðun á landnotkun reits sem afmarkast af Reykjavíkurvegi, Fjarðarhrauni og Flatahrauni.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hefja undirbúning á breytingu aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 á reit sem afmarkast af Reykjavíkurvegi, Fjarðarhrauni og Flatahrauni í samræmi við skipulagslög og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fulltrúi Bæjarlistans mótmælir enn og aftur ráðagerð meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknar að skipuleggja 500 íbúða byggð á reitnum Hraun-vestur Gjótur. Um er að ræða stórfellda breytingu á reitnum sem merktur er ÍB2 í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Búið er að skipta reitnum upp í tvennt, annars vegar reit ÍB2 og hins vegar ÍB14 þar sem ætlunin er að byggja íbúðir fyrir allt að 1.500 manns. Í greinargerðinni með aðalskipulagsbreytingunni er reynt að tína til haldlítil rök fyrir þessu mikla byggingarmagni. Reynt er m.a. að telja fólki trú um að hér sé á ferðinni átak í þéttingu byggðar sem byggir á sameiginlegri ákvörðun sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Já ? fyrr má nú rota en dauðrota. Eðlileg þétting byggðar er eitt en fyrirætlun meirihlutans á ekkert skylt við skynsemi. Þetta mikla byggingarmagn á litlum reit yrði stórslys ef af verður. Ég skora á bæjaryfirvöld að afstýra þessu. Rétt er að halda því til haga að meirihlutinn hefur ekki ennþá svarað

því hver bað um þessi ósköp.

3. 2101442 - Tinnuskarð 1, umsókn um lóð,úthlutun,skil

17.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.mars sl.

Lagður fram tölvupóstur frá lóðarhöfum að lóðinni nr. 1 við Tinnuskarð þar sem óskað er eftir því að afsala sér lóðarúthlutun á lóðinni.

Bæjarráð samþykkir beiðni um afsal á lóð og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2005180 - Samgöngusáttmáli

Jón Ingi Hákonarson bæjarfulltrúi Viðreisnar leggur fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um flýtingu frumdraga á leið D í samgöngusáttmála Betri samgangna. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að kallað verði eftir því að vinnu frumdraga fyrir leið D verði flýtt og hafin sem allra fyrst. Tillagan verði send til stjórnar SSH til afgreiðslu

5. 2101038 - Fundargerðir 2021, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð bæjarráðs frá 11. mars sl.

a. Fundargerðir hafnarstjórnar frá 24. og 26.febrúar sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 1.mars sl.

c. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26.febrúar sl.

d. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 19.febrúar sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 9.mars sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 10.mars sl.

a. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 19.febrúar sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 10.mars sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar frá 2.mars sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 12.mars sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 15.mars sl.

15.03.2021

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri